

Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2016



**Ólafur K. Nielsen
Jóhann Óli Hilmarsson**

**Reykjavík og Stokkseyri,
janúar 2017**

ÁGRIP

Fuglafána Tjarnarinnar hefur verið vöktuð frá árinu 1973. Fimm andategundir hafa verið árvissir varpfuglar á þessu tímabili: stökkönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður. Urtönd, nýr varpfugl, bættist við 2014 og varp aftur 2015 og 2016. Rauðahöfðaönd og toppönd eru óreglulegir varpfuglar, báðar tegundir urpu 2016. Til lengri tíma litið hefur varpstofnum stökkandar, gargandar, duggandar og æðar hnignað verulega. Sérstaklega stendur æðarstofninn höllum fæti og viðbúið að hann deyi út innan þriggja til fimm ára. Andavarp gekk vel miðað við þá ördeyðu sem ríkt hefur síðastliðin 10 ár eða svo, sérstaklega var góða afkoma hjá skúfönd og duggönd. Stökkandarsteggir sem fella flugfjaðrir á Tjörninni hafa ekki verið færri síðastliðin 43 ár en 2014 til 2016. Kríuvarpið í Vatnsmýrinni var í miklum blóma fimmta árið í röð.

Langvarandi viðkomubrestur stendur andastofnunum fyrir þrifum og þessi hnignun hefur varað í a.m.k. 10 til 12 ár (frá um 2004). Þrjár meginskýringar eru á lélegri afkomu andarunga: 1. fæðuskortur; 2. afrán; og 3. hnignun búsvæða. Tjörnin er fuglagarður í miðri borg og umsjón og ábyrgð þessa svæðis er á hendi borgaryfirvalda. Ástand fuglastofna Tjarnarinnar er óviðunandi og ekki í samræmi við mikilvægi fuglanna fyrir borgarbúa. Vorið 2014 og 2015 var spyrnt við fótum og borgaryfirvöld stóðu að andarungaeldi við Tjörnina til að styðja við hnignandi stofna. Við fögnum þessu frumkvæði og hvetjum til að haldið verði áfram á sömu braut og jafnframt að ráðinn verði eftirlitsmaður til að sjá um umhirðu Tjarnarfuglanna.

Aðkallandi vandamál í friðlandinu í Vatnsmýri sem þarfnast lausnar eru annars vegar mikið landbrot við Vatnsmýrartjörn og hins vegar hröð gróðurframvinda og breytingar sem hún mun valda á fuglalífi. Á árabílinu 2012 til 2016, á fjórum árum, brotnuðu allavega um 1100 m² af austurbakka Vatnsmýrartjarnar. Þetta er óviðunandi og það verður á einhvern máta að styrkja bakkann og koma í veg fyrir frekara landbrot. Gróðurframvinda í friðlandinu er hröð og plöntur líkt og skógarkerfill, hvönn og þistill sækja mjög á, meðal annars í þeim stykkjum þar sem kríuvarpið er. Það er dagljóst að kríuvarpið mun hverfa að mestu, verði ekki settur hemill á framvindu gróðursins, eins og það hvarf úr Þorfinnshólma og litla hólmanum í Norðurtjörn vegna landnáms og ofvaxtar ætihvannar.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	2
1 INNGANGUR	4
2 FUGLALÍF 2016	5
<i>Stökkönd</i>	5
<i>Gargönd</i>	6
<i>Urtönd</i>	6
<i>Rauðhöfðaönd</i>	7
<i>Duggönd</i>	7
<i>Skúfönd</i>	7
<i>Æður</i>	8
<i>Toppönd</i>	8
<i>Heiðagæs</i>	8
<i>Grágæs</i>	8
<i>Kría</i>	8
<i>Aðrir fuglar</i>	9
3 ANNAÐ STARF	10
<i>Fuglaskilti</i>	10
<i>Vinir Tjarnarinnar</i>	10
4 GRÓÐURBREYTINGAR Í NORÐUR- OG SUÐURTJÖRN	10
5 GRÓÐURFRAMVINDA Í VATNSMÝRARFRÍÐLANDI	11
6 LANDBROT Í VATNSMÝRARFRÍÐLANDI	11
7 UMRÆÐA	13
HEIMILDIR	13
TÖFLUR	14

Mynd á forsíðu: Urtandarkolla með 5 unga á síki í Vatnsmýri 16. júní 2017. Á myndinni má líka sjá ýmsar ágengar plöntutegundir eins og snarrótarpunt, skógarkerfil, ætihvönn og hóffífil. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

1 INNGANGUR

Fuglar hafa verið taldir á Tjörninni á vorin og síðsumars frá því snemma á 8. áratug nýliðinnar aldar. Tilgangurinn er að fylgjast með stofnbreytingum og þessi vöktun hefur beinst að andfuglum (gæsum og öndum) og einnig kríu, en ekki mófuglum í Vatnsmýrinni. Talið var þrisvar sinnum árið 2016, tvisvar í maí og einu sinni í júlí. Allir fuglar voru taldir á Norðurtjörn, Suðurtjörn, Þorfinnstjörn, Vatnsmýrartjörn og Hústjörn, sem og í friðlandinu í Vatnsmýri (1. mynd). Talningar í maí gefa stærð varpstofna og síðsumarstalningin viðkomuna. Hjá öndum er stærð varpstofns miðuð við fjölda kolla. Hér á eftir verður fjallað um endur, gæsir og kríu en einnig nefndar aðrar tegundir sem sást. Við þökkum Snorra Sigurðssyni líffræðingi hjá Reykjavíkurborg fyrir samstarf og upplýsingar um Tjarnarfugla.




1. mynd. Tjörnin og friðland fugla í Vatnsmýri. 1=Norðurtjörn, 2=Suðurtjörn, 3=Þorfinnstjörn, 4=Vatnsmýrartjörn, 5=Hústjörn og 6=friðland. Friðlandið er markað með síkjum. Tekið sumarið 2016, sótt á Borgarvefsjá 18. janúar 2017.

2 FUGLALÍF 2016

Sjö andategundir urpu við Tjörnina sumarið 2016. Stökkönd, gargönd, duggönd og skúfönd hafa verið árvissir varpfuglar frá upphafi talninga 1973. Einnig fundust urtönd, rauðhöfðaönd og toppönd með unga. Urtöndin hefur orpið árlega frá 2014, en rauðhöfði og toppönd eru óreglulegir varpfuglar. Enginn æðarfugl gerði tilraun til varps við Tjörnina 2016 en þeir hafa verið árvissir varpfuglar á svæðinu í nærri 60 ár.

Stökkönd

Í maí sáust mest 33 stökkandarkollur og 42 í júlí (1. tafla). Samanburður við fyrri ár sýnir að varpstofninn var sterkur á 8. áratug nýliðinnar aldar (100 til 120 pör). Síðan fækkaði í stofninum og lágmark var 1995 (45 pör), eftir það óx hann jafnt og þétt og var kominn í 113 pör 2007 en síðan hefur fækkað og verið með allra minnsta móti 2014 til 2016 (2. mynd, 2. tafla). Samtals felldu 155 stökkandarsteggir flugfjaðrir á Tjörninni 2016 en þetta eru bæði heimafluglar og aðkomufuglar (1. tafla). Fellisteggjum hefur fækkað mikið frá því sem áður var og fjöldinn 2014 til 2016 er sá langlægsti frá upphafi talninga (3. mynd). Í lok júlí 2016 voru 16 stökkandarkollur með samtals 44 unga. Þetta er verulega betri viðkoma en verið hefur síðustu ár og þarf að fara allt aftur til 2009 til að finna hærri gildi (4. mynd, 3. tafla).




2. mynd. Andakollur á Tjörninni vorin 1974–2016. Gögn vantar fyrir allar tegundir árin 1982 til 1987, fyrir æður 1981 og duggönd 1993. Ekki er sýnd mynd fyrir urtönd sem orpið hefur frá 2014 en kollufjöldinn er tekinn með í línuritinu fyrir samanlagðan fjölda kolla. Rauðu ferlarnir sýna megin leitni gagnaraðanna og eru reiknaðir með „distance weighted least square regression-aðferðinni“.

Gargönd

Eitt gargandapar sást á Tjörninni vorið 2016 en í júlí sást tvær kollur í Vatnsmýrinni og þar af var önnur með tvo unga. Gengið er út frá að varpstofninn hafi verið tvö pör 2016 (1. tafla). Þetta er svipaður fjöldi varpfugla og verið hefur frá 2004 (1–2 pör; 2. mynd, 2. tafla). Varpárangur hefur verið lakur allar götur frá 2002 eða að jafnaði 2,1 ungi á ári (spönn 0–7 ungar) (4. mynd, 3. tafla). Að auki sást hópur garganda á Norðurtjörn í júlí, samtals 8 fuglar og voru þeir í sárum og náðist ekki að kyngreina þá. Að minnsta kosti ein gargandarkolla hafði vetursetu á Tjörninni 2016–2017. Þetta er annar veturinn í röð sem gargendur hafa vetursetu og er óvanalegt.

Urtönd

Í talningum um vorið sást eitt urtandapar. Í júlí sást tvær kollur með unga á Vatnsmýrartjörn, önnur var með fimm unga og hin með tvo unga (1. tafla, forsíðumynd). Ekki varð vart við neinar urtendur í fjaðrafelli síðsumars líkt og t.d. sumarið 2015. Urtendur hafa haft vetursetu á Tjörninni um árabil en það hefur heldur fækkað í hópnum frá fyrri árum, en veturinn 2006–07 sást mest 37 fuglar (25. nóvember 2006) og 36 fuglar veturinn 2007–08 (29. desember 2007). Veturinn 2016–2017 bar ekki mikið á urtönd og við sáum aðeins einn fugl þann 6. febrúar 2017. Vetursetufuglarnir hafa haldið sig á Vatnsmýrartjörn og á skurðum í Vatnsmýrinni.




3. mynd. Fellisteggir stokkandar á Tjörninni 1973 til 2016. Gögn vantar fyrir árin 1981 til 1987 og 1992 og 1993. Rauði ferillinn sýnir meginleitni gagnaraðarinnar og er reiknaður með „distance weighted least square regression“-aðferðinni.

Rauðhöfðaönd

Þrír rauðhöfðasteggir sáust í talningum um vorið (1. tafla). Þann 22. júlí sást rauðhöfðakolla með tvo unga í Vatnsmýrinni (Snorri Sigurðsson skrifl. uppl. 22.7.2016), en þann 25. var kollan án unga og að auki sást steggur í sárum (fjaðrafelli) (1. tafla). Eitthvað af rauðhöfðum hafði vetursetu á Tjörninni 2016–2017 og sáust t.d. þrjú pör þann 7. janúar og a.m.k. 14 fuglar 6. febrúar. Rauðhöfði er óreglulegur varpfugl við Tjörnina.

Duggönd

Samtals sáust fjórar duggandarkollur í talningum í maí en 9 kollur í júlí (1. tafla). Duggöndum á Tjörninni hefur fækkað jafnt og þétt allar götur frá 1980 ef undan er skilið sex ára tímabili um nýliðin aldamót. Botninum virðist hafa verið náð 2009 og síðan hefur stofninn haldist tiltölulega stöðugur, rétt yfir 5 pör, en 2016 virðist vera greinileg aukning (2. mynd, 2. tafla). Síðsumars voru 6 ungamæður með samtals 37 unga (1. tafla). Þetta er mjög góð viðkoma og þarf að fara aftur til 1980 til að finna hærri gildi, annars hefur viðkoma duggandarinnar verið léleg um langa hríð (4. mynd, 3. tafla).



4. mynd. Andarungar á Tjörninni síðsumars 1973–2016. Gögn vantar fyrir árin 1983 til 1985, 1987 og 1992 til 1993, einnig vantar stökkönd og gargönd 1986, stökkönd, gargönd, duggönd og skúfönd 1994, og æður 1995. Ekki er sýnd mynd fyrir urtönd sem orpið hefur frá 2014 en ungafjöldinn er tekinn með í línuritinu fyrir samanlagðan fjölda unga. Rauðu ferlarnir sýna meginleitni gagnaraðanna og eru reiknaðir með „distance weighted least square regression“-aðferðinni.

Skúfönd

Varpstofn skúfandar 2016 taldi 28 kollur og 11 þeirra komu upp 40 ungum (1. tafla). Stofnbreytingar skúfandar hafa annars verið frábrugðnar stofnbreytingum

annarra Tjarnaranda. Skúfandarstofninn óx á árunum 1980 til 1998, minnkaði síðan og var liðlega 20 pör 2013–2015 en vex svo 2016 (2. mynd, 2. tafla). Viðkoma skúfanda batnaði jafnt og þétt á sama tíma og stofninn óx á 8. og 9. áratug 20. aldar og var í hámarki á fyrrihluta 10. áratugarins, nokkrum árum á undan hámarki í stofnstærð. Frá miðjum 10. áratugnum hefur viðkoman verið lakari og sérstaklega hafa árin frá og með 2005 verið léleg nema 2016 sem er í góðu meðallagi miðað við fyrri ár (4. mynd, 3. tafla).

Æður

Varpstofn æðarfugls taldi einungis fjögur pör vorið 2016 og enginn hreiður fundust né sást nokkur kolla með unga (1. tafla). Æðarstofninn á Tjörninni var stærstur á árunum milli 1973 og 1990, síðan hefur hann verið í samfelldri niðursveiflu (2. og 4. mynd, 2. og 3. tafla). Haldi fækkunin áfram með sama hraða hverfur æðarfuglinn úr fínu Tjarnarinnar á næstu þremur til fimm árum.

Toppönd

Toppandapar sást í talningum í maí. Þann 22. júlí sást kollan með a.m.k. þrjá unga (Snorri Sigurðsson skrifl. uppl. 22.7.2016). Toppönd er árviss gestur á Tjörninni og sést þar á öllum tímum árs. Þetta er í annað skipti sem vitað er um varp toppandar við Tjörnina, hitt tilvikið er frá 2010 (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2010).

Heiðagæs

Ein heiðagæs hefur dvalið með Tjarnargæsum um langa hríð og sást m.a. í talningu 5. maí (1. tafla).

Grágæs

Þann 25. júlí sáust 70 gæsir (ungar og fullorðnar) (1. tafla). Þetta er verulega minna en verið hefur síðustu ár. Greinileg fækkun hefur orðið á gæsum sem verpa í Vatnsmýrinni og dvelja á Tjörninni yfir vor og sumar.

Kría

Mikill þróttur var í kríuvarpinu við Tjörnina 2016 fimmta árið í röð (5. mynd). Kríur urpu á tveimur stöðum, annars vegar í moldarflagi á vesturhluta friðlandsins og hins vegar í Þorfinnshólma. Varppörin í Þorfinnshólma voru vel innan við 10 og mest allt varpið var í friðlandinu. Fuglarnir urpu seint og dvöldu lengi. Þetta er fimmta árið sem kríur verpa í flaginu í friðlandinu. Þetta flag var búið til við vesturmörk friðlandsins á útmánuðum 2012. Reyndar er ekki hægt að tala um flag lengur þar sem það er algróið og vegna gróðurs var útilokað að telja kríuhreiðrin. Þann 25. júlí sáust 252 fullorðnar kríur við Tjörnina (flestar í Vatnsmýri eða 244), einn árgamall fugl sást og 107 ungar að lágmarki. Þetta er einhver best viðkoma sem sést hefur hjá kríum við Tjörnina.



5. mynd. Krúvarpið í Vatnsmýri 16. júní 2017. Ljósmynd Jóhann Óli Hilmarsson.

Aðrir fuglar

Álftir höfðu vetursetu á Tjörninni og vetursetuhópurinn taldi 65 fugla 9. janúar 2016 og 48 fugla 7. janúar 2017. Mjög lítið bar á sílamáf sumarið 2016, rétt liðlega 100 fuglar sáust í talningum í maí en enginn fugl sást í talningu þann 25. júlí. Svartbakspar reyndi varp í Tjarnarhólmanum annað árið í röð en engir ungar komust á legg. Engin tilraun var gerð til að meta fjölda mófugla í Vatnsmýrarfriðlandi en vitað var að sandlóa, tjaldur, hrossagaukur og stelkur urpu. Aðrir mófuglar sem sáust þar á varptíma voru lóupræll, spói, jaðrakan og þúfutittlingur. Ein ný tegund bættist við fuglalista Tjarnarinnar á árinu, straumerla. Hún sást fyrst við ráðhúsið á annan dag jóla og hélt til fram á árið 2017 (6. mynd).



6. mynd. *Straumerla við ráðhúsið 26. janúar 2017. Ljósmynd. Sigmundur Ásgeirsson.*

3 ANNAÐ STARF

Fuglaskilti

Skýrsluhöfundar sáu um að skipta út fuglaskiltum við Iðnó, en það er gert þrisvar á ári, snemma vors (varptími), á miðju sumri (ungatími) og um haustið (vetur).

Vinir Tjarnarinnar

Sjálfboðaliðar á vegum Fuglaverndar og Norræna hússins tóku til hendinni í friðlandinu þann 23. apríl. Um 30 manns komu saman og hreinsuðu rusl úr síkjum og klipptu runna og tré sem uxu í votlendinu. Ætlunin er að halda þessu starfi áfram og hópurinn „Vinir Tjarnarinnar“ verður kallaður til starfa með hækkandi sólu.

4 GRÓÐURBREYTINGAR Í NORÐUR- OG SUÐURTJÖRN

Miklar breytingar hafa orðið á gróðurfari í Norður- og Suðurtjörn á síðustu fimm árum. Þetta hefur ekki verið skoðað sérstaklega en við teljum þetta vera mest fjallnykru og þráðnykru sem vaxa í tjörnunum. Stórar nykrubreiður sáust sumarið 2012 í bæði Norður- og Suðurtjörn (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2012), en síðan hafa þessar breiður stækkað mikið. Á 7. mynd má sjá ástandið sumarið 2010 til samanburðar við sumarið 2016. Engar breiður er að sjá 2010 en 2016 þekur nykran orðið mjög stór svæði.



7. mynd. Botngróður í Suðurtjörn. Myndin til vinstri er tekin 2010, sú til hægri 2016. Grænu flekkirnir í botninum á myndinni frá 2016 eru nykrubreiður, engar slíkar er að sjá sumarið 2010. Myndir sóttar á Borgarvefsjá 18. janúar 2017.

5 GRÓÐURFRAMVINDA Í VATNSMÝRARFRÍÐLANDI

Á 8. mynd sést vel gróðurframvinda í hólmanum, sem útbúinn var í friðlandinu í Vatnsmýri veturinn 2011–2012. Á myndinni frá sumrinu 2012 er hólminn gróðurlítið flag. Kríur hófu strax að verpa í flaginu það sama sumar og er þar nú nær eina kríuvarpið við Tjörnina. Á neðri myndinni, frá síðasta sumri, hefur gróður yfirtekið hólmann, sjá líka 5. mynd. Ýmsar ágengar plöntur eru hér á ferðinni líkt og snarrótarpuntur, þistill, skógarkerfill, ætihvönn og hóffífill. Ef ekki verður gripið til ráðstafana til að breyta þessari gróðurframvindu, þá verður hólminn ónothæfur sem varpstaður innan fárra ára, líkt og Þorfinnshólmi og litli hólminn í Norðurtjörn. Þar tók ætihvönn yfir fyrir löngu og ekkert rými er lengur fyrir hina stuttfættu kríu til varps, eins og skýrsluhöfundar hafa hamrað á í áratugi. Þetta er brýnt verkefnið því krían er einkennisfugl Tjarnarinnar vor og sumar og til mikils gagns fyrir aðra fugla sem verpa á svæðinu. Krían sér um að aðvara við og halda frá rándýrum, fljúgandi og ferfættum.

6 LANDBROT Í VATNSMÝRARFRÍÐLANDI

Mikið landbrot hefur verið við bakka Vatnsmýrartjarnar á liðnum árum (8. mynd). Til dæmis fóru um 1100 m² af votlendi við austurbakka Vatnsmýrartjarnar á fjórum árum (2012–2016). Það verður að stoppa þetta og á einhvern máta að byggja bakkann þannig upp að hann verði öndunum sem þar eru yfir sumarið þekktanlegur. „Tjarnarvinir“ hafa síðustu árum lagt víðihríslur á bakkann og látið þær liggja út í vatnið. Þetta virðist kyrra ölduna og að sjá er landbrotið minna á þeim svæðum þar sem hríslurnar liggja.



8. mynd. Friðlandið í Vatnsmýri, efri myndin var tekin 2012 en sú neðri 2016. Á efri myndinni er hólminn í norðanverðu friðlandinu nýgerður og gróður hefur ekki náð fótfestu, á neðri myndinni má sjá hvernig gróðurinn hefur vaxið og dafnað. Landbrot (1100 m^2) með austurbakka Vatnsmýrartjarnar 2012 til 2016 er sýnt blálitað. Tekið af Borgarvefsjá í janúar 2017.

7 UMRÆÐA

Andastofnar Tjarnarinnar standa höllum fæti og ástandið hefur verið sérstaklega slæmt síðastliðin 10 ár, varpfuglum hefur fækkað og viðkoman verið léleg. Sem dæmi um ástandið má nefna að æðarfuglinn, tegund sem sett hefur sterkan svip á fuglafánu Tjarnarinnar í nærri 60 ár, mun hverfa innan skamms tíma verði ekkert að gert. Við höfum áður rætt ítarlega hvar skóinn kreppir og nefnt þrjá þætti til sögunnar nefnilega: (1) fæðuskort; (2) afrán; og (3) hnignun búsvæða (sjá annars Ólaf K. Nielsen og Jóhann Óla Hilmarsson 2012). Tillögur okkar til umbóta eru að Reykjavíkurborg hefji aftur ræktunarstarf við Tjörnina og eftirlit með Tjarnarfuglunum. Með ræktunarstarfi þá horfum við til fuglanna og þátta líkt og fóðrunar anda á ungatíma, einnig klak, eldi og slepping einstaklinga þeirra tegunda sem eru við að deyja út á svæðinu, sem og að tryggja fuglunum örugg varplönd og verja þá fyrir ásókn rándýra.

Við viljum nefna tvo þætti sem brýnt er að sinna í friðlandinu. Annar þátturinn snýr að kríuvarpinu, en líkt og segir hér að ofan, þá er nær allt kríuvarpið í norðurhluta friðlandsins. Gróðurframvindan í varpinu er hröð og það er dagljóst að innan fárra ára verður gróðurinn orðinn það þéttur og hár að krían nær ekki að hreiðra þar um sig. Þetta þarf að laga! Hitt atriðið sem við viljum nefna er landbrot við Vatnsmýrartjörn. Þar eru votlendisspildur að rofna. Í þetta votlendi sækja bæði endur með unga og eins vaðfuglar í ætisleit. Það er bagalegt að missa þessar spildur! Hér verðum við að grípa inn í og einhvern máta lægja ölduna þannig að landbrotið hætti og gróður nái að binda bakkann og vaxa út á grynningarnar.

HEIMildir

- Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2007. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2007*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 16 bls.
- Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2010. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2010*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 12 bls.
- Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2012. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2012*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 17 bls.

TÖFLUR

1. tafla. Endur á Tjörninni 2016. Samtals voru gerðar þrjár heildartalningar á fuglum vorið og sumarið 2016. Í töflunni er sýnt hvað sást af öndum í þessum talningum.

Tegund	Aldur	5.5.2016	17.5.2016	25.7.2016
Álft	fullorðinn	7	14	0
Heiðagæs	fullorðinn	1	0	0
Grágæs	fullorðinn	47	45	0
Grágæs	ógreint	0	0	70
Stökkönd	steggur	60	65	155
Stökkönd	kolla	33	23	42
Stökkönd	ungi	0	0	44
Gargönd	steggur	0	1	0
Gargönd	kolla	0	1	2
Gargönd	ógr. fullorðinn	0	0	8
Gargönd	ungi	0	0	2
Rauðhöfði	steggur	0	3	1
Rauðhöfði	kolla	0	0	1
Urtönd	steggur	0	1	0
Urtönd	kolla	0	1	2
Urtönd	ungi	0	0	7
Duggönd	steggur	5	4	0
Duggönd	kolla	4	4	9
Duggönd	ungi	0	0	37
Skúfönd	steggur	40	23	9
Skúfönd	kolla	21	13	28
Skúfönd	ungi	0	0	40
Æður	steggur	6	4	0
Æður	kolla	4	0	0
Toppönd	steggur	1	0	0
Toppönd	kolla	1	0	1
Toppönd	ungi	0	0	2

2. tafla. Andakollur á Tjörninni í Reykjavík vorið 2016, samanborið við meðaltal árána 1974–2016. Urtönd hefur orpið á svæðinu síðan 2014 og er tekin með í samtölunni.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2016	42	2	28	9	4	87
Meðaltal 1974–16	77	3	26	14	30	149
Hámark	115	6	50	32	72	214
Lágmark	27	1	11	5	4	64
Staðalfrávik	21,47	1,36	7,64	8,10	16,35	37,82
Breytileikastuðull	28%	51%	29%	59%	54%	25%
Ár (n)	37	37	37	36	36	35
Fylgnistuðull <i>r</i>	-0,515	-0,424	0,411	-0,901	-0,759	-0,746

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.

3. tafla. Stálpaðir andarungar á Tjörninni í Reykjavík síðsumars 2016, samanborið við meðaltal árána 1973–2016. Urtönd hefur orpið á svæðinu síðan 2014 og er tekin með í samtölunni.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2016	44	2	40	37	0	130
Meðaltal 1974–16	51	6	25	17	41	140
Hámark	140	31	94	58	125	316
Lágmark	3	0	0	0	0	24
Staðalfrávik	29,75	6,43	17,86	15,37	31,22	75,89
Breytileikastuðull	58%	117%	70%	92%	76%	54%
Ár (n)	36	36	37	37	37	35
Fylgnistuðull <i>r</i>	-0,611	-0,461	-0,049	-0,556	-0,763	-0,718

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.